

MSS23100071

Frá: Inga Rún Ólafsdóttir
Til: Inga Rún Ólafsdóttir
Sent: 11.10.2023 19:25:58

Efni: Vegna kvennaverkfalls þann 24. október

Ágætu framkvæmdastjórar og mannauðsstjórar sveitarfélaga,

Á fjórða tug samtaka kvenna, hinsegin fólks og launafólks blása til heils dags kvennaverkfalls þann 24. október næstkomandi. Konur og kvár sem geta munu þá leggja niður störf.

Það er ekkert launungarmál að starfsemi sveitarfélaga skerðist verulega án vinnuframlags kvenna en 74% af starfsfólki sveitarfélaga er konur. Samband íslenskra sveitarfélaga tekur undir þau meginmarkmið kvennaverkfalls að hefðbundin kvennastörf, jafnt launuð sem ólaunuð, skuli meta að verðleikum og hvetur sveitarfélög til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja að vinnuframlag kvenna og kvára sé sýnilegt og að sem flest þeirra geti tekið þátt í baráttudeginum 24. október, að hluta eða í heild.

Í bréfi frá skipuleggjendum kemur fram ríkur skilningur á því að sum starfsemi sé þess eðlis að ekki sé hægt að leggja störf alfarið niður án þess að stofna öryggi og heilsu fólks í hættu.

Því er okkar ráðlegging að því verði er beint til stjórnanda að byrja þegar í stað að huga að skipulagi starfseminnar þennan dag í samráði við starfsfólk. Tryggja þarf að karlar gangi í öll störf sem þeir geta og að dregið sé úr starfsemi þar sem það er hægt með það að leiðarljósi að nauðsynlegustu almannaþjónustu sé sinnt og að öryggi og heilsu fólks sé ekki stofnað í hættu. Ekki skal draga af launum starfsfólks sem tekur þátt í kvennaverkfallinu í samráði við sinn stjórnanda.

Áréttað er að ekki er um eiginlegt verkfall að ræða þar sem um verkföll gilda sérstök lög og reglur og að ábyrgð á starfsemi er á forræði hlutaðeigandi stjórnanda.

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928 / 772 0305

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.